



## FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 10. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Miðvikudag. 13.01.2010 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður  
Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður
- Boðuð forföll:** Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari
- Fjarverandi:**
- Fundarritari:** VG

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., dagskrá/mótshald, landsliðsmál, þing, norræni fundurinn, keilari ársins og önnur mál.

## Dagskrá fundarins:

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar hefur ekki borist þannig að ekki var hægt að fjalla um hana.

### 2. Dagskrá og mótahald KLÍ.

Íslandsmót er framundan og er að mörgu að hyggja, prófa á að varpa upp úrslitum á sjónvarpsskjái í Keiluhöllinni í RIG mótinu um helgina og ef það gefst vel þá að gera sama í Íslandsmótunum sem eru framundan. Viðbúið er að mótanefnd þurfi aðstoð í mótunum.

Rætt var síðan vítt og breitt um framkvæmd mótana, t.d. með verðlaun að það þarf að samræma þau bæði á milli ára, móta og flokka.

Auglýsa þarf bráðlega íslandsmót án forgjafar.

### 3. Landsliðsmál

EYC er ákveðin, bæði keppendur og fylgdarmenn, annað er í bígerð hjá landsliðsnefnd. Stjórn þarf að fara yfir fjárhagsáætlun til að setja niður hvað landsliðsnefnd hefur úr að móða, fundur í nefnd eftir viku og æskilegt að það liggi fyrir þá.

### 4. Þing.

Þing KLÍ – stungið var uppá að hafa það 18/19 maí, PI tékkar á HP sem þingforseta og setur að einhverju í hans hendur hvaða dagur hentar best, staðsetning – PI ætlar að athuga hvort KR gerist gestgjafi að þessu sinni. PI, PP og VG eru þeir sem eru að klára sitt tímabil, spurning hvort þeir gefa kost á sér til áframhaldandi setu – varamanna bekkurinn er síðan allur að klára sitt tímabil. PI það alla um að láta vita fljótlega ef viðkomandi gæfi ekki kost á sér áfram.

Tillögur til laga- og reglugerðabreytinga þarf að skoða fyrr en síðar og síðan að síða þær á formannafundi. Fulltrúafjöldi liggur fyrir nu þegar.

### 5. Norræni fundurinn

Dagsetning liggur fyrir, 4-6 júní, verið er að skoða tilboð ofl frá mismunandi hótélum/gististöðum – tillögur verða tilbúna á næsta fundi með fundarstað.

### 6. Önnur mál.

- ÞÍ óskaði eftir því við stjórnarmenn að þeir kæmu með hluti er vörðuðu endurskoðun á fjárhagsáætlun KLÍ 2010 við sem fyrst þannig að hægt væri að vinna þetta sem fyrst.
- ETBF skýrsla, ÞÍ sendi um morguninn skýrslu sem er send til ETBF um fjölda félagsbundina keilara, fjölda brauta ofl upplýsingar á alla í stjórn og bað um athugasemdir, PMP hafði smá leiðréttingar fram að færa.

Fundi slitið 19:30 – næsti fundur væntanlega eftir 2 vikur og boðaður af ÞÍ.